

STEFÁN KARLSSON

Blessunarhugtakið í Biblíunni

INNGANGUR

Á öld vísinda og rökhyggju eru þeir eflaust margir sem líta svo á að blessunarhugtakið og blessun almennt sé úrelt fyrirbæri. Hún sé merki um hjátrú og hindurvitni. Sú skoðun byggist á þeirri hugmynd að öllu, sem ekki er hægt að sanna og staðfesta með óyggjandi vísindalegum hætti, beri að hafna.

Fullyrða má að allar bænir manna snúist um eins konar blessun og velgengi. Bænin virðist hafa fylgt mannkyninu frá upphafi vega. Hvert sem litið er má finna biðjandi menn. Það gildir jafnt um fólk, sem álitid er að standi á lágu þróunarstigi og siðuðustu menningarþjóðir. Bænin um blessun er sameiginleg öllum trúarbrögðum, hversu ólík sem þau kunna að vera. Bænin er því eitt af því sem markar sérstöðu mannsins.

Það er í þessu ljósi sem margir guðfræðingar og málsvarar trúarinnar telja að skoða beri blessunina. Þeir telja að þráin eftir blessun, sem birtist í bænum manna, lýsi mannlegri þörf. Hún hljóti að vera þrá sem sé mannum meðfædd og því sönn í innsta eðli sínu. Bænin um blessun væri lítt hugsanleg ef hún stefndi ekki að einhverju gagnlegu miði og ef hún fengi enga umbun á móti.

Í prédikun eftir séra Harald Níelsson líkir hann bæninni við leit ungbarna eftir fæðu.¹ Fyrsta árið sem þau lifi sé skilningur þeirra lítill. Þráin eftir fæðunni birtist m.a. í því hve gjarnt þeim sé að stinga öllu upp í sig. Það sé þessi þrá eftir fæðunni sem vísi þeim leið að réttu marki. Þessi hálfblinda eðlishvöt svíki þau ekki. Hún kenni þeim að leita til þeirrar uppsprettu sælu og viðurlífs sem fæðan sé þeim. Barnið

1 Haraldur Níelsson 1920, 174–176.

hafi enga hugmynd um hvað móðurmjólkinn sé. Það beri heldur ekkert skynbragð á hvernig hún berist út í líkama þess og verði því til næringar, vaxtar og þroska.

Í máli Haraldar kemur fram að hið sama gildi um leit mannanna að blessun sem birtist í bænum þeirra. Bænin sé ósjálfráð leit mannssálarinnar eftir næringu og viðhaldi úr uppsprettu andlegrar tilveru. Það sem haldi lífi okkar við sé innstreymi frá „alheimssálinni“. Þetta innstreymi sé mjög misjafnt að krafti og styrkleika. Það fari oft og tíðum eftir viðhorfi okkar gagnvart þessum sannindum. Því meiri sem trúin á Guð sé, þeim mun meiri kraft og líf megni sálin að draga að sér úr hinni óendanlegu uppsprettu guðdómsins. Frelsarinn hafi sagt að trúin gæti flutt fjöll. Með því hafi hann átt við þann kraft sem trúin dregur að sér úr þessari óþrjótandi lind vísðómsins, gæskunnar og máttarins. Ef fallist er á þessi rök séra Haraldar Níelssonar má draga af þeim þá ályktun að blessunin hafi jafn mikið gildi fyrir nútímamanninn og forfeður hans og formæður.

Í þessari grein er fjallað um blessunarhugtakið eins og það birtist í Biblíunni, einkum þó Gamla testamentinu. Rætt er um inntak þess, sögu og gildi fyrir samtíðina. Í umfjölluninni er aðallega stuðst við bókina *Blessing in the Bible and the life of the Church* eftir Claus Westermann. Þó að þessi bók sé komin nokkuð til ára sinna hefur hún staðist tímans tönn, enda telst hún til sígildra verka meðal þeirra rita sem fjalla um blessunarhugtakið. Hún varpar skýru ljósi á viðfangsefnið og í henni er að finna þær megináherslur sem settar hafa verið fram um hugtakið. Lesendum sem vilja kynna sér það nýjasta sem hefur verið skrifað um efnið skal hins vegar bent á nýja bók sem fjallar um blessun og blessunarguðfræði í Gamla testamentinu. Það er bókinn *Segen und Segens-theologien im alten Israel* eftir Martin Leuenberger en hún var gefin út í Zürich í byrjun þessa árs.

BLESSUNARHUGTAKIÐ: SKILGREINING

Ein ýtarlegasta skilgreining á blessunarhugtakinu sem fram hefur komið er í bók Johannesar Pedersen, *Israel: Its Life and Culture*.² Pedersen skilur

2 Pedersen 1926, 1.–2. bindi: 162–212; 3.–4. bindi: 17–20, 26–29, 31, 38 o.áfr., 54 o.áfr., 59–60 o.áfr.

blessunarhugtakið í ljósi hugtaksins sál en það er þýðing á hebreska hugtakinu *nefes* og tjáir líf einstaklingsins í heild sinni. Sálín er heild fyllt með krafti. Þessi kraftur fær sálina til að vaxa og dafna. Hann er forsenda þess að maðurinn geti viðhaldið sjálfum sér og sinnt störfum sínum í veröldinni. Þennan lífskraft, sem engin lifandi vera getur verið án, kalla Ísraelsmenn *berakhah*, blessun. Blessun er bæði innri kraftur sálarinnar og þau góðu örlög sem skapa þennan kraft. Allt sem hefur lífsorku býr einnig yfir blessun því að blessun er lífskraftur.

Blessun birtist með margvíslegum hætti. Hún kemur einkum fram sem frjósemiskraftur í víðtækum skilningi. Sú frjósemi lýtur að ræktun lands og búpenings og ekki síður fjölskyldunni. Raunveruleg merking blessunar er að eiga marga afkomendur. Einnig felur blessun í sér máttinn til að vinna sigur á óvinum sínum.

Sá sem býr yfir blessun er *barukh*, fullur af *berakhah*. Kraftur streymir frá honum í allar áttir. Þessi kraftur blessunarinnar hefur bæði andleg og líkamleg áhrif. Hann er kraftur sálarinnar sem skapar allar framfarir. Í því felst að hann er tengdur spekinni. Á sama hátt og blessun er spekin kraftur sem skapar framfarir og árangur.

Blessunarathöfnin, *berekh*, byggist á því að einhver miðlar lífskrafti til annars einstaklings. Sá sem blessar gefur öðrum manni eitthvað af sál sinni.

Í grein eftir Friedrich Horst („Segen und Segenhandlungen in der Bibel“) dregur hann saman umfjöllun Gamla testamentisins um blessunarhugtakið í fimm meginþætti:³

1. Blessun er veitt þegar menn skiptast á kveðjum, við brúðkaup, dánarbed, stjórnarskipti, guðsþjónustu o.s.frv.
2. Blessun er veitt í orðum og athöfnum.
3. Blessun gefur kraftinn til að lifa. Hún eykur lífsþrótt og frjósemi.
4. Guð blessar mennina. Aðrar lífverur hljóta aðeins blessun fyrir milligöngu þeirra. Útvalning og blessun verða ekki aðskildar.
5. Blessunin kemur frá Guði. Hún fær einungis kraft sinn frá nafni hans. Fólki þarf sérstaka hæfileika til að veita blessun og hún varð forréttindi prestanna.

3 Horst 1947–1948, 26–28.

BLESSUNARHUGTAKIÐ Í GAMLA TESTAMENTINU

Westermann leggur áherslu á að blessunarhugtakið sé eitt af meginhugtökunum í Gamla og Nýja testamentinu. Hann bendir hins vegar á að lítið hafi verið tekið mið af því hugtaki í guðfræðirannsóknum. Ástæðan sé sú að fjallað hafi verið um blessunina sem undirflokk frelsunarhugtaksins. Gerhard von Rad sjái t.d. ekki ástæðu til að geta blessunarinnar sérstaklega þar sem hann hafi talið að hún væri fólgin í frelsunarstarfi Guðs í þágu þjóðar sinnar. Frelsunarstarf Guðs feli í sér bæði frelsun og blessun.⁴

Westermann segir að í fimm bókaritinu sé greint frá frelsunarstarfi Guðs í þágu þjóðar sinnar í Exodus og Numeri. Þær tvær bækur, sem koma á undan og eftir, Genesis og Deuteronomium, fjalli einkum um blessunarhugtakið og þá blessun sem Guð veitir þjóð sinni. Í þessum tveimur bókum komi hugtökin blessa og blessun oftast fyrir en annars staðar í Gamla testamentinu. Staðsetning frelsunarfrásögunnar innan ramma þeirra rita, þar sem blessunarhugtakið er ríkjandi stef, sé mjög mikilvæg. Hún sýni að í skipulagi fimm bókaritsins sé lögð áhersla á tengslin milli frelsunarstarfs Guðs og þeirrar blessunar sem hann veitir.⁵

Samkvæmt Westermann kemur hugmyndin um blessun fram í mismunandi formi í ýmsum ritum Biblíunnar. Í sköpunarsögunni komi hún að hans áliti fram í samhengi við sköpunina og nái til alls þess sem lífsanda dregur. Í ættfeðrasögunum sé hún að verki í fjölskyldunni og ættinni. Þar sé fyrirheitið um blessun sá rauði þráður sem gangi í gegnum alla frásögnina. Í Deuteronomium sé greint frá því hvernig blessunin sé að verki meðal þjóðarinnar. Þar sé lögð áhersla á starf Guðs sem frelsara og dómara. Í frásögninni sé þó ætíð fjallað um það starf í samhengi við blessunina. Guðfræði blessunarinnar sé auk þess þungamiðjan í þeim tveimur stofnunum sem voru fylgifyskur fastrar búsetu Ísraelsmanna, konungdæminu og musterinu. Konungurinn bjó yfir og miðlaði blessun. Musterið var sá staður þaðan sem blessun var miðlað til allrar þjóðarinnar og alls landsins. Hlutverk konungsins sem miðlara blessunar birtist enn skýrar í hinum svonefndu messíanísku spádómum. Þeir byggjast allir á þeirri hugmynd að nýi konungurinn

4 Rad 1957–1960, 1. bindi: 267 (nmgr. 64), 177, 127–134; 2. bindi: 380–412.

5 Westermann 1978, 29–30.

muni leiða þjóðina fram til sigurs og koma á friði. Hann er bæði frelsari og sá sem veitir blessun. Þannig tengist frelsunin og blessunin saman í messíasarhugtakinu með ennþá skýrari hætti en áður.⁶

Það sem sagt er um Guð í spámannaritunum snýst einkum um starf hans sem frelsara og dómara. Það er mögulegt að skrifa um guðfræði spámannaritanna án þess svo mikið sem að minnst á blessunarhugtakið. Slík einhliða túlkun horfir þó framhjá mikilvægum atriðum. Auk þess að vera sjáendur voru spámennirnir einnig meðalgöngumenn sem var umhugað að bægja ógnunum frá þjóðinni af völdum manna og náttúru. Þeim var m.ö.o. umhugað að blessunin héldi áfram að fylgja Ísrael. Í lýsingum spámannanna á frelsun þjóðarinnar felst fyrirheit um blessun og velfarnað. Fyrirheitið snýst ekki um sérstakan atburð, heldur ástand þar sem blessun er viðvarandi. Þetta kemur m.a. skýrt fram hjá Devtero-Jesaja. Þungamiðjan í máli hans er framtíðarástand þar sem blessun er ætíð til staðar. Allt málfar hans er litað af orðfæri blessunarinnar. Loks má nefna að blessunin er þungamiðjan í messíasarspádómum spámannanna. Sá konungur sem kemur sem boðberi velsældar og hamingju er miðlari blessunar. Fyrirheit um blessun og lýsingar á þeirri velsæld sem henni fylgja eru því jafn mikilvægir þættir í frásögn spámannaritanna og fyrirheitið um frelsun.

Eins og víða má sjá í Gamla testamentinu, m.a. í Sálmunum, var blessunin einnig mikilvægt atriði í tilbeiðsluhefðinni. Tilgangur guðsdýrkunarinnar í musterinu var m.a. að tryggja samfélaginu og einstaklingunum blessun Guðs. Musterið var réttur vettvangur blessunarinnar. Það var sú uppspretta sem þjóðin og landið sóttu blessun sína í með helgihaldi og fórnun.

Að dómi Westermanns verður tilvist spekinnar í Gamla testamentinu aðeins skýrð í samhengi við blessunina. Spekin stendur fyrir þá reynslu og þann þroska sem er ávöxtur blessunar. Auk þess bendir Westermann á að spekin sé ekkert sem sé sérstaklega einkennandi fyrir Ísrael. Hún eigi það sameiginlegt með blessuninni að vera alþjóðlegt fyrirbæri.⁷

6 Sama, 29–32.

7 Sama, 37–39.

ÞRÓUN BLESSUNARHUGTAKSINS

Í grein sinni *Die israelischen Anschauungen von Segen und Fluch im Lichte altorientalischer Parallelen* leggur Johannes Hempel áherslu á þróun blessunarhugtaksins frá átrúnaði í formi galdra eða töfra til trúarbragða með siðferðilegu inntaki.⁸ Skoðun hans er sú að blessun og bölvun eigi sér upphaf í frumstæðum töfraathöfnum. Þróunin hafi síðan orðið sú að þessi hugtök hafi slitnað úr tengslum við þessar töfraathafnir. Þess í stað hafi þau tengst guðstrúnni og orðið hluti af því bænahaldi sem henni fylgdi. Þessi kúltísku trúarbrögð komu reglu á og bundu í kerfi það sem hinn frumstæði átrúnaður gerði til þess að vernda þjóðina og einstaklingana. Með hinum siðfræðilega átrúnaði spámannaritanna hafi blessunin rofnað úr tengslum við þessar töfraathafnir og helgisíðareglur. Með þeirri þróun hafi brautin verið rudd fyrir skoðun Nýja testamentisins á blessun og bölvun. Þannig telur Hempel að þróun trúarbragðanna hafi gerst í þremur stigum. Fyrst hafi verið um að ræða frumstæðan átrúnað, þá kúltísk trúarbrögð og loks siðferðileg og spámannleg trúarbrögð.

1. *Magískur átrúnaður*

Ýmislegt bendir til þess að blessunin eigi rætur sínar í töfrum. Þannig virðist sem viss arfur frá töfrum komi fram í blessuninni. Í því sambandi má benda á að ýmislegt er líkt með því látbragði, sem fylgir blessuninni, og særingarþulum. Sá skyldleiki kemur einnig fram í sambandi orða og athafna. Blessunin er yfirfærsla á krafti sem byggist á líkamlegri snertingu. Stundum kallar blessunarathöfnin á það að sá sem veitir blessunina hafi öðlast styrk með því að neyta sérstakrar fæðu. Í sumum lýsingum kemur fram að krafturinn tæmist að blessun lokinni. Jakob tók aðeins á móti einni blessun. Það er ekki hægt að fresta blessun og hún verkar án skilyrða. Blessunarathöfnin kom á undan bæði guðfræði og helgisíðum guðsdýrkunarinnar. Guðs er ekki getið í henni. Allt þetta minnir á töfraathafnir sem eru vel þekktar úr sögu trúarbragðanna.

Í ljósi alls þessa telur Westermann að það verði að viðurkenna að blessunin sé forsögulegt fyrirbæri. Sögu blessunar í Biblíunni megi rekja til frumstæðra trúarbragða og allt aftur til þeirra tíma þegar athafnir sem tengdust blessun höfðu ennþá á sér yfirbragð töfra. Tregða manna

8 Hempel 1925, 20, 23–109.

við að viðurkenna skyldleika blessunar og töfra megi rekja til þeirrar staðreyndar að í vestrænni menningu sé litið á töfra og galdra sem óæskileg fyrirbæri. Töfrar eru eitthvað óæðra, frumstætt, heimskulegt og illt. Þessar hugmyndir megi einkum rekja til þróunarhyggju sem gerir ráð fyrir að öll fyrirbæri þróist frá lægri til hærri þróunarstiga.⁹

2. Tenging blessunar við söguna

Í heimildum Jahvistans og sögu Bíleams er hið forsögulega blessunarhugtak tengt sögunni. Blessunin verður óaðskiljanlegur hluti af sögunni um samskipti Guðs við þjóð sína.

Í sögu Bíleams er greint frá því að Bíleam spámaður fær fyrirskipun frá Balak konungi í Móab um að bölvva Ísraelsmönnum. Guð Ísraels býður spámanninum hins vegar að blessa þá og Bíleam hlýðir því boði. Þessi frásaga lýsir því hvernig það gerðist að Jahve, Guð Ísraels, tók þennan kraft til að blessa í þjónustu sína, kraft sem var til staðar og naut almennrar viðurkenningar. Sá atburður sem þessi saga greinir frá er látin gerast rétt áður en Ísraelsmenn héldu inn í fyrirheitna landið. Ástæðan var sú að með landnáminu varð Jahve einnig Guð sem blessar. Fram að því hafði hann verið sá Guð sem frelsar og leiðbeinir.

Jahvistinn tengir saman í verki sínu þrjár meginhefðir sem höfðu áður verið óháðar hver annarri. Þar er um að ræða sögu þjóðarinnar, ættfeðrasöguna og sköpunarsöguna. Í ættfeðrasögunum er það blessunin sem er aðalhugtakið í lýsingum á samskiptum Guðs og manna. Þetta hugtak er forsögulegt. Það sem gerist í þessum sögum snertir fjölskylduna eða ættflokkinn. Jahvistinn tengdi síðan þá forsögulegu skoðun á blessun, sem fram kemur í þessum frásögum, við söguna með því að gera hana að fyrirheiti Guðs. Með því móti varð blessunin órjúfanlegur hluti sögunnar.

Engu að síður breyttist blessunarhugtakið í meðförum Jahvistans. Áður snerist frásögnin um það að faðir blessar son sinn rétt fyrir andlátið. Að athöfninni lokinni var sonurinn blessaður. Í slíkum skilningi er blessunin ekki eitthvað sem hægt er að gefa fyrirheit um. Jahvistinn tengdi blessunina við framtíðina. Hún varð það sem fyrirheit Guðs snerist um. Með því móti varð blessunin sögulegt hugtak. Blessun Abrahams snertir ekki aðeins hann einan. Hún gengur eins

⁹ Westermann 1978, 57.

og rauður þráður í gegnum þá sögu sem hefst með för Abrahams til fyrirheitna landsins. Hún er ekki einungis bundin við æviskeið hans. Blessun Guðs heldur áfram að vera virk eftir hans daga.

Í meðförum Jahvistans varð blessunarhugtakið guðfræðilegt hugtak. Engu að síður varðveitti hann ýmis magísk einkenni sem voru tengd blessuninni. Þau einkenni hurfu síðan í Devteronómíska söguverkinu. Blessunarhugtakið tengdist sáttmálanum og varð með því móti skil-yrt. Guðfræðileg einkenni blessunarhugtaksins urðu því sífellt meira áberandi. Sú þróun olli því að auðveldara var að innlima blessunarhugtakið í Jahvetrúna.

Önnur breyting átti sér stað samfara þessari ummyndun blessunarinnar í sögulegt fyrirbæri. Í ættfeðrasögunni er blessunin byggð á athöfn. Blessunin birtist sem miðlun á krafti. Eins konar athöfn eða látbragð er því órjúfanlegur hluti hennar. Þetta samband á milli orða og athafna hverfur þegar það er Guð sem blessar eða gefur fyrirheit um blessun. Blessun Guðs kemur aðeins fram í afleiðingum hennar. Kraftur hennar birtist í lífi einstaklingsins eða þjóðarinnar. Með þessu móti verður blessunarhugtakið guðfræðilegt.

3. Blessunarhugtakið í ættfeðrasögunum

Fyrsta stigið í sögu blessunarhugtaksins í Gamla testamentinu er að finna í ættfeðrasögunum. Í umfjöllun þeirra um blessunarhugtakið, sem Jahvistinn hefur ekki farið höndum um, er að finna skýra arfleifð frá forsögulegum tímum. Sú arfleifð kemur einna gleggst fram í Genesis 27 þar sem sagt er frá því hvernig Jakob öðlaðist blessun föður síns með vélráðum. Í þeirri sögu kemur fram að blessun er kraftur sem berst frá föður til sonar. Hugtakið hefur sína upphaflegu merkingu sem kraftur frjósemi og hagsældar. Þessi kraftur hefur ekki aðeins áhrif á þann sem er blessaður, heldur einnig eignir hans og búfénað.

Faðirinn ræður aðeins yfir einni blessun. Hún verkar án skilyrða og er veitt þegar faðirinn bíður dauða síns. Hún er veitt á grundvelli helgisiða sem fela í sér athafnir og blessunarorð. Á þessu stigi er blessunarhugtakið ekki ennþá orðið guðfræðilegt. Í helgisiðum og blessunarorðum er ekki minnst á Guð. Það er ekki Guð sem blessar, heldur faðirinn og það er heldur enginn sem miðlar blessuninni. Hér er því um að ræða helgisiði sem koma á undan guðsdýrkuninni.

Önnur tegund blessunar kemur fram í sögunni af Rebekku þegar hún yfirgefur heimaland sitt og ættmenni. Við það tækifæri er hún kvödd með blessunarorðum þar sem fram kemur frá ósk um að af henni vaxi þúsundir þúsunda (Genesis 24.60). Hér gæti verið um að ræða fasta venju sem á þessum tímum hefði getað tíðkast á kveðjustundum.

Enn ein tegund blessunar kemur fram í Genesis 32 þar sem blessunin er unnin í bardaga. Þessi tegund blessunar er líklega ævaforn. Sú hugmynd liggur að baki að Guð eða guðlegar verur búi yfir blessunarkrafti. Undir vissum kringumstæðum geti slíkar verur miðlað þessum krafti til manna. Það gerist þó aðeins með líkamlegri snertingu, hvort sem það er í átökum eða með annars konar samneyti af líkamlegum toga.

Í ættfeðrasögunni liggur áherslan á blessun í fjölskyldunni. Einnig er þar að finna blessun ættflokksins eða blessun sem tilteknum ættflokki er gefið fyrirheit um. Að dómi Westermanns er sú blessun eins konar millistig á milli fjölskyldublessunarinnar og þeirrar blessunar sem Guð veitir þjóð sinni. Blessun ættflokksins er því sá hlekkur sem tengir saman eldri og yngri hugmyndir um blessunarhugtakið.¹⁰

4. Blessunin í guðsþjónustunni og formlegum stofnunum

Að mati Westermanns er það Mowinckel sem lagt hefur áherslu á mikilvægi blessunar í guðsþjónustunni. Að hans dómi er blessun athöfn sem er einkennandi fyrir guðsþjónustur almennt.¹¹ Tilgangur guðsþjónustunnar sé að tryggja blessun til handa samfélaginu og einstaklingunum. Að fornu var talið að ættarhöfðinginn og konungurinn byggju yfir blessunarkrafti. Ættflokkurinn og þjóðin nærðust á þeim blessunarkrafti sem streymdi frá þeim. Þessir aðilar höfðu þó aðeins þennan kraft vegna tengsla sinna við Jahve. Þau tengsl voru síðan varðveitt og endurnýjuð í guðsþjónustunni.

Í guðfræði blessunarinnar var gert ráð fyrir tveimur stofnunum sem voru fylgifiskur fastrar búsetu Ísraelsmanna. Þær voru konungdæmið og musterið.

¹⁰ Sama, 55.

¹¹ Mowinckel 1953, 64–66, 55–56.

Konungurinn bjó yfir blessun og var miðlari blessunar. Í Fyrri Konungabók, 8. kapitula, er greint frá vígslu musterisins í Jerúsalem sem þá var nýlega lokið við að byggja. Fyrsta athöfnin, sem var framkvæmd í þessum helgidómi, fólst í því að konungurinn blessaði þjóðina.

Í musterinu var blessunin virk. Það var sá staður þaðan sem blessuninni var miðlað til allrar þjóðarinnar og alls landsins í guðsþjónustunni. Hópar pílagríma fóru til musterisins til þess að taka við blessun fyrir sjálfa sig, fjölskyldur sínar, búfénað og akra. Sú skoðun var ríkjandi að musterid væri uppspretta þeirrar blessunar sem landið og þjóðin nærðust á. Ef það yrði eyðilagð og endir bundinn á guðsþjónustuna þar væri búið að uppræta þá uppsprettu.

Það markaði sérstöðu ísraelsku guðsþjónustunnar að sagan um samskipti Guðs og þjóðar hans lék mikilvægt hlutverk í henni. Mikilvægasti þáttur ísraelsku guðsþjónustunnar var ekki eins konar frjósemisathöfn sem byggðist á blessun. Þungamiðja hennar var starf Guðs í sögunni. Hún snerist um sáttmálann og þau boðorð og fyrirheit sem honum tengdust. Þessi sögulegi þáttur guðsþjónustunnar útilokaði þó ekki tilbeiðslu á Guði sem uppsprettu blessunar. Að dómi Westermanns er enginn vafi á því að hugmyndin um Guð sem blessar lék mikilvægt hlutverk í ísraelsku guðsþjónustunni.

Í prestaritunum (Numeri 6.22–27) er greint frá því þegar blessun verður hluti af reglubundinni guðsþjónustu sem var flutt af lögmaetri prestastétt í tilteknum helgidómi. Með þessu fyrirkomulagi verður blessunin að formlegri athöfn í samfélaginu. Litið var á blessunina sem eitt af meginhlutverkum prestanna. Fyrsti helgistaður Ísraelsmanna var samkundtjald sem þeir reistu í eyðimörkinni. Það var notað til guðsþjónustu og í því var sáttmálsörkin geymd. Hluti helgihaldsins var fórnfæring. Í lok fórnarinnar var þjóðinni síðan veitt blessun. Með þessu móti varð blessunin að föstum lið í lok hverrar guðsþjónustu.

Westermann telur að greina megi nokkur einkenni á þeirri blessunarathöfn sem fram fór í helgidómnum.¹² Þannig hafi sá skilningur verið viðtekinn að það væri Guð sem starfaði í gegnum athafnir prestsins. Blessunarathöfnin fæli í sér bæði orð og athafnir. Jafnframt endurspeglaði hún velvild Guðs í garð þeirra sem vilja veita honum viðtöku. Loks má nefna að rétta stundin fyrir blessunina er í lok guðsþjónustunnar

12 Westermann 1978, 43.

þegar samkomunni lýkur. Blessunin gengur út til þeirra sem veita henni viðtöku og fylgir þeim í daglegu lífi eftir að heim er komið.

5. Blessunarhugtakið í *Deuteronomium*

Eins og fram kemur að ofan er lögð áhersla á blessunina í formlegum stofnunum í 6. kapitula Numeri. Miðað við þá áherslu hefur blessunarhugtakið í Deuteronomíska söguverkinu sérstöðu. Það markar sérstakt stig í þróunarsögu hugtaksins. Westermann greinir nokkur einkenni sem hann segir vera áberandi í umfjöllun Deuteronomíska söguverksins um blessunarhugtakið.¹³

Eitt af þessum einkennum birtist í því að það er ísraelska þjóðin sem er viðtakandi blessunarinnar. Í hinni prestlegu blessun í Numeri 6 er það einnig Ísrael sem er blessað. Þar er hins vegar öll áherslan á Ísrael sem safnast saman í helgidóminum þegar guðsþjónusta er haldin. Í Deuteronomíska söguverkinu er aftur á móti lögð áhersla á að Guð veiti allri þjóðinni blessun sína án þess að dregin sé upp mynd af söfnuði sem safnast saman til guðsþjónustuhalds. Blessun þjóðarinnar tengist því landi sem Guð hafði gefið henni og veitt henni fyrirheit um.

Í Numeri 6 er framsetning blessunarhugtaksins á mjög andlegum nótum þar sem m.a. er talað um náð Guðs og lýsandi ásjónu hans. Það blessunarhugtak, sem Deuteronomíska söguverkið fjallar um, er hins vegar veraldlegt þessa heims hugtak. Blessunin er máttur vaxtar, frjósemi og annarra jarðneskra gæða af efnislegum toga. Þar er einkum lögð áhersla á marga afkomendur og nautgripi og frjósama akra. Þannig tók Jahve sem var Guð frelsunar við hlutverki frjósemisguðsins Baals sem uppspretta blessunar og frjósemi. Gjafir landsins voru þegnar úr hendi hans.

Deuteronomíska söguverkið vísar tíðum til þeirra fyrirheita sem Guð gaf ættfeðrunum. Fyrirheitið um landið er hluti af því samhengi þar sem fyrirheitið um blessun kemur fyrir. Hér hefur breyting átt sér stað á blessunarhugtakinu. Í ættfeðrasögunum er það fjölskyldan eða ættin sem er viðtakandi blessunarinnar. Þegar afkomendum ættfeðranna er hins vegar gefið fyrirheit um að eignast Kanaansland verður sú breyting á að þjóðin verður viðtakandi blessunarinnar. Umskiptin í þessari þróun birtast í heimildum Jahvistans og sögunni um Bíleam

13 Sama, 45.

spámann sem áður hefur verið rætt um. Í báðum þeim tilvikum er unnt að greina þróun blessunarhugtaksins frá forsögulegum tíma ættfeðrasamfélagsins til sögulegs tíma þjóðarinnar.

Það sem enn frekar markar sérstöðu Devteronómíska söguverksins samanborið við ættfeðrasöguna er að blessunin er skilyrt. Hún er háð hlýðni fólksins við boðorð Guðs. Blessunin er orðin hluti af sáttmálanum milli Guðs og þjóðarinnar. Guð heldur sinn hluta sáttmálans við Ísrael með því að blessa þjóðina. Það er þó háð þeim skilyrðum að þjóðin haldi einnig sáttmálann. Þessi samruni blessunar og sáttmála fól í sér miklar breytingar á blessunarhugtakinu frá því sem var. Áður var blessunin skilyrðislaus. Eftir að maður hafði verið blessaður var ekki unnt að afturkalla hana. Með því að tengja blessunina við sáttmálann eins og gert er í Devteronómíska söguverkinu varð hún hins vegar háð hlýðni þjóðarinnar.

Af ofansögðu er ljóst að Devteronómíska söguverkið er mjög mikilvægt fyrir þróun blessunarhugtaksins. Í því verki koma glögg fram tengslin á milli guðfræði blessunarinnar annars vegar og guðfræði frelsunarinnar hins vegar.

6. *Blessunarhugtakið og kristsfræðin*

Skoða verður blessunarhugtakið í Nýja testamentinu í ljósi umræðunnar um hugtakið í Gamla testamentinu. Alls staðar þar sem sagt er frá því þegar Jesús blessar er merking blessunarinnar sú sama og í Gamla testamentinu.

Eins og áður hefur verið rakið var það stærsta skrefið í þróun blessunarinnar í Gamla testamentinu þegar hugtakið var fellt inn í söguna um samskipti Guðs og ísraelsku þjóðarinnar. Sá samruni kemur skýrast fram í tengingu blessunarinnar og fyrirheitsins. Forsögulegt hugtak var tekið að láni og það umskapað. Blessunin varð að fyrirheiti sem Guð gaf um framtíðina. Á svipaðan hátt er hægt að líta á meðhöndlun Nýja testamentisins á blessunarhugtakinu. Í Nýja testamentinu var hugtak sem mótaðist fyrir daga kristninnar fellt inn í kristsatburðinn. Blessunin varð kristsfræðileg.

Með Jahvistanum varð sú breyting á umfjölluninni um blessunarhugtakið að Jahve varð sá sem blessar. Öll blessunarathöfn varð athöfn Jahve og litið var svo á að blessunarkrafturinn kæmi frá honum. Á svip-

aðan hátt varð sú breyting samfara Nýja testamentinu að blessun Jahve, Guðs Ísraelsmanna, varð blessun í Kristi. Kristur sjálfur varð sá sem blessar og öll blessun af hálfu Guðs tengdist verki hans í Kristi. Það er þessi skilningur, að blessunin merki frelsunarstarf Guðs í Kristi, sem gefur hugtakinu kristsfræðilega merkingu.

Í gegnum verk Guðs í Kristi verður blessunarstarf Guðs ekki lengur takmarkað við dauðann. Jesús Kristur hefur brotið viðjar þeirra takmarkana með dauða sínum og upprisú. Blessunin fær hlutdeild í huldu eðli frelsunarstarfs Guðs sem birtist í krossi Krists. Hún er ekki sjálfkrafa viðurkennd í því sem gerist. Blessun Guðs getur einnig verið hulin í krossinum og dauðanum. Hún nær út yfir gróf og dauða. Þannig er bölvunin, sem birtist bæði með dauðanum og með öðrum hætti, ekki lengur takmörk og nauðsynlegur fylgífiskur blessunarinnar. Henni hefur verið eytt úr kristinni guðsþjónustu. Þessu fylgir að blessun náunga okkar er ekki lengur háð þeim takmörkunum sem markast af fordæmingu óvina okkar.

BLESSUNARHUGTAKIÐ OG SÁLMARNIR

Eins og áður er vikið að beinist tilbeiðslan í Gamla testamentinu bæði að Guði sem frelsara í sögu ísraelsku þjóðarinnar og þeim sem blessar. Báðar þessar hefðir standa hlið við hlið í ritningunni án þess að útiloka hvor aðra. Sálarnir eru gott sýnishorn af því hvernig þessar tvær tilbeiðsluhefðir tengjast saman og mynda eina heild. Í samanburði við menningu nágrannaþjóðanna er það einkennandi fyrir Sálmana hversu sagan skipar mikið rúm í þeim. Þeir eru samt ekki einungis lýsing á sögu. Pungamiðja blessunarsálmanna, Sónarsálmanna og pílagrímasálmanna, er helgidómurinn og sú blessun sem þar er veitt.

Þessar tvær tilbeiðsluhefðir birtast með skýrum hætti í tvenns konar tegundum lofgjörðarsálma. Þann lofsöng sem vísar til dásemdarkerka Guðs er að finna í Ísrael sem lofgjörð, sem felur í sér yfirlýsingu eða fullyrðingu, hann er aðeins tengdur atburðum sem fela í sér starf Guðs í þágu allrar þjóðarinnar eða einstaklinganna. Þessi dásemdarkerk eru tilefni lofgjörðarinnar. Þeir lofsöngvar (hymnarnir) sem eru lýsandi eða skýrandi eru hins vegar yfirgrípsmeiri. Þeir lýsa allri veru og öllum athöfnum Guðs, þar á meðal blessunarathöfnum hans og sköpunar-

starfi. Sú staðreynd að þessar tvær tilbeiðsluhefðir standa hlið við hlið er mjög mikilvæg. Í henni blundar vitundin um skilin á milli Guðs sem frelsar annars vegar og Guðs sem blessar hins vegar.

Í Sálmunum eru tengslin á milli blessunarinnar og guðsþjónustunnar áberandi. Það er eðlilegt í ljósi þess að margir Sálmannanna eru hluti af sjálfri guðsþjónustunni. Þeir ættu því að geta veitt upplýsingar um hlutverk blessunarinnar í guðsþjónustu Ísraelsmanna. Blessunin sem liður í guðsþjónustuhefðinni gerir ráð fyrir föstum stofnunum með helgidómi og lögmætri prestastétt. Þá staðreynd er að finna í nokkrum Sálmannanna. Í þeim er gert ráð fyrir formlegri prestlegri blessun, prestarnir blessa samfélagið (Slm 115.14–15; 118.26; 129.8). Í sumum Sálmannanna kemur fram að blessunin snertir ekki samfélagið eitt. Við viss tækifæri beinist hún að einstaklingum. Sálmar 91 og 121, sem biðja um blessun fyrir einstaklinga, benda í þá átt.

Það er frá helgidóminum sem blessunin berst út í samfélagið eins og fram kemur í nokkrum Sálmannanna (Slm 118.26b: „Frá húsi Drottins blessum vér yður“; 24.5; 128.5). Eins og áður hefur verið rakið var musterið rétti staðurinn fyrir flutning blessunar. Öll guðsþjónustan í musterinu snerist um blessun. Presturinn flutti söfnuðinum blessun Jahve í lok guðsþjónustunnar. Eins og fram kemur í blessunarsálmunum var það gert með það fyrir augum að allir viðstaddir gætu tekið heim með sér blessun Guðs. Sú skoðun var viðtekin að ef musterið væri brotið og endi bundinn á guðsþjónustuna þar væri lokað fyrir uppsettu blessunarinnar. Þessi skoðun kemur fram í blessunarsálmunum og pílagrímasálmunum (Slm 65; 115.12–15; 128.5; 129.8; 132 o.fl.).

Í sumum Sálmunum kemur fram að söfnuðurinn biður Guð um blessun sér til handa (Slm 67.1). Einnig er þeim sem óttast Guð gefið fyrirheit um blessun (Slm 24.5; 128.4). Loks má nefna að Guð sem skapari er sá sem blessar (Slm 115.15–16; 121.2; 128; 134.3).

NIÐURSTÖÐUR

Margir guðfræðingar og málsvarar trúarinnar telja að blessunarhugtakið og blessun almennt sé ekki úrelt fyrirbæri sem sé merki um hjátrú og hindurvitni. Það er skoðun þeirra að þráin eftir blessun, sem birtist í bænum manna, lýsi mannlegri þörf. Hún sé mannum meðfædd og því sönn í innsta eðli sínu. Þessi þrá lýsi sér í ósjálfráðri leit manns-

sálarinnar eftir næringu og viðhaldi úr uppsprettu andlegrar tilveru. Blessunin hafi því jafn mikið gildi fyrir nútímamanninn og forfeður hans og formæður.

Blessunarkrafturinn er kraftur sem stuðlar að vexti og viðgangi einstaklingsins og þess umhverfis sem hann býr við. Hann er lífs- og frjósemiskraftur sem lýtur m.a. að frjósemi landsins, búpeningsins og fjölskyldunnar.

Blessunarhugtakið er eitt af meginhugtökunum bæði í Gamla og Nýja testamentinu. Það kemur fram í mismunandi formi í ólíkum ritum Biblíunnar. Víða í ritningunni hverfur blessunarhugtakið í skuggann fyrir öðrum áherslum. Jafnvel í þeim tilvikum má þó greina blessunina í bakgrunninum sem meginstef frásögunnar. Í þeim ritum þar sem áhersla er lögð á starf Guðs sem frelsara og dómara er hugmyndin um blessunina aldrei langt undan. Þannig má t.d. glögglega sjá tengsl á milli frelsunarstefsins og blessunarinnar. Blessunin er fólgin í frelsunarstarfi Guðs í þágu þjóðar sinnar. Frelsunarstarf Guðs felur í sér bæði frelsun og blessun.

Blessunin er forsöguleg og á sér rætur í töfrum og göldrum frumstæðs átrúnaðar. Þessa forsögulegu arfleifð er að finna í umfjöllun ættfeðrasögunnar um blessunarhugtakið. Þar er blessuninni lýst sem krafti sem berst frá manni til manns og er bundinn við fjölskylduna og ættina. Hún er síðan tengd sögunni í heimildum Jahvistans og sögunni um Bíleam spámann. Í þeim ritum verður það Guð sem blessar. Jahvistinn tengdi hið forsögulega blessunarhugtak, sem fram kemur í ættfeðrasögunum, við söguna með því að gera blessunina að fyrirheiti Guðs. Hún varð það sem fyrirheit Guðs snerist um. Með því móti var blessunarhugtakið fellt inn í söguna um samskipti Guðs og ísraelsku þjóðarinnar. Í meðförum Jahvistans varð blessunarhugtakið því bæði sögulegt og guðfræðilegt hugtak. Eigi að síður varðveitti hann ýmis magísk einkenni sem voru tengd blessuninni. Þau einkenni hurfu síðan með Devteronómíska söguverkinu. Blessunarhugtakið tengdist sáttmál-anum og varð með því móti skilyrt. Einnig varð sú þróun að öll ísraelska þjóðin varð viðtakandi blessunarinnar en ekki aðeins fjölskyldan eða ættin eins og í ættfeðrasögunum.

Í Nýja testamentinu var blessunarhugtakið fellt inn í kristsatburðinn. Blessunin varð kristsfræðileg. Kristur sjálfur varð sá sem blessar og öll blessun af hálfu Guðs tengdist verki hans í Kristi. Í gegnum frelsunar-

starf Guðs í Kristi hættir blessun almættisins að takmarkast við dauðann. Jesús Kristur hefur brotið viðjar þeirra takmarkana með dauða sínum og upprisu. Með honum nær blessunarstarf Guðs út yfir gröf og dauða. Með Jesú Kristi takmarkast blessunin ekki heldur bölvuninni lengur. Blessun náunga okkar er ekki lengur háð þeim takmörkunum sem markast af fordæmingu óvina okkar.

Inn í þróun blessunarhugtaksins fléttast blessunin í guðsþjónustunni. Blessunin varð hluti af reglubundinni guðsþjónustu sem var flutt af lögmætri prestastétt í tilteknum helgidómi. Á tímum konungdæmisins varð musteríð sá staður þaðan sem blessuninni var miðlað til allrar þjóðarinnar. Blessunin í guðsþjónustunni er áberandi í Sálmunum. Í þeim birtist einnig sú tvíþætta tilbeiðsluhefð sem lítur á Guð sem frelsara í sögu ísraelsku þjóðarinnar annars vegar og þann sem blessar hins vegar.

HEIMILDASKRÁ

Biblían. Reykjavík 1981.

Haraldur Níelsson. 1920. *Árin og eilífðin*. Reykjavík.

Hempel, Johannes. 1925. „Die israelischen Anschauungen von Segen und Fluch im Lichte altorientalischer Parallelen.“ *Zeitschrift der deutschen morgenlandischen Gesellschaft* (ZDMG), Neue Folge 4.

Horst, Friedrich. 1947–1948. „Segen und Segenshandlungen in der Bibel.“ *Evangelische Theologie* (EvTh) 7.

Mowinckel, Sigmund. 1953. *Religion und Kultus*. Göttingen.

Pedersen, Johannes. 1926. *Israel: Its Life and Culture*. 1.–4. bindi. London.

Rad, Gerhard von. 1957–1960. *Die Theologie des Alten Testaments*. 1.–2. bindi, 4. útg., München.

Westermann, Claus. 1978. *Blessing in the Bible and the Life of the Church*. Philadelphia.